



Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

Reykjavík, 13. apríl 2018
IE17080001
3.1.0
HS/KV

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Niðurstöður úttektar vegna bilunar í skólþælustöð við Faxaskjól

Á fundi borgarráðs þann 20. júlí 2017 var óskað eftir að fram færi stjórnsýsluúttekt vegna bilunar í skólþreinsistöð við Faxaskjól og samþykkti borgarráð að vísa erindinu til meðferðar Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun hefur nú staðið fyrir innri endurskoðunarúttekt með það að markmiði að draga lærdóm af þeirri bilun er varð í dælustöðinni og viðbrögðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í kjölfarið.

Niðurstöður úttektar hafa verið kynntar Heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar og eru nú sendar til umfjöllunar borgarráðs.

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi

Hjálagt:

Skýrsla Innri endurskoðunar: Bilun í skólþælustöð við Faxaskjól, dags. 26. mars 2018

Bilun í skólpdælustöð við Faxaskjól

Innri endurskoðun

26.03.2018

Meginþættir

- Umfang og aðferðafræði
- Helstu ábendingar
- Viðbrögð stjórnenda

Markmið úttektar er að draga lærdóm af þeirri bilun er varð í dælustöðinni og viðbrögðum HER í kjölfarið og þannig bæta verklag til að minnka skólpmengun og tryggja að borgarbúum finnist ekki öryggi þeirra ógnað sökum mengunar.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í borginni, stuðlar að öflugri umhverfsvöktun og fræðslu til almennings í Reykjavík. Jafnframt fer Heilbrigðiseftirlitið með vöktun á loftgæðum, eftirlit með vatnsverndarsvæði borgarinnar, fráveitunni, sýnatökum í strandsjó, ám og vötnum ásamt eftirliti með lóðum og lendum.

Veitur ohf. sinna mikilvægri þjónustu í almannapágu og gæta þess að notendur hafi stöðugt aðgengi að hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Fráveitukerfi Veitna þjóna um helmingi landsmanna og hreinsistöðvar fyrirtækisins enn fleirum. Eftir hreinsun er frárennsli veitt út í sjóinn á Sundunum, um fimm kílómetra frá ströndinni.

Neikvæð umræða skapaðist um starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins (hér eftir HER) og Veitna ohf. (hér eftir Veitur) í kjölfar bilunar í skólpdælustöð Faxaskjólsumarið 2017. Fjallað var um bilunina á fundi borgarráðs 20.7.2017 og var farið fram á að fram færi stjórnysluúttekt vegna vinnulags, aðgerða og upplýsingagjafar í tengslum við bilunina. Innri endurskoðun hefur nú staðið fyrir innri endurskoðunarúttekt með það að markmiði að draga lærdóm af þeirri bilun er varð í dælustöðinni og viðbrögðum HER í kjölfarið og þannig bæta verklag til að minnka skólpmengun og tryggja að borgarbúum finnist ekki öryggi þeirra ógnað sökum mengunar. Um er að ræða staðfestingarverkefni sem felur í sér hlutlæga athugun og mat á gögnum til að gefa óháð álit. Deloitte ehf. aðstoðaði Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar við úttektina.

Í þessu yfirliti eru samandregnar niðurstöður úttektar Innri endurskoðunar.

UMFANG OG AÐFERÐAFRÆÐI

Umfang úttektar takmarkast við A-hluta Reykjavíkurborgar; heilbrigðisnefnd og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Hlutverk heilbrigðisnefndar er m.a. að vinna að því að koma í veg fyrir og draga úr óhreinkun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar fráveituvatns í umdæminu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi.

Til skoðunar er eftirlit HER með mengun frá skólpdælustöð Faxaskjólsumarið 2017, upplýsingagjöf innan borgarinnar og upplýsingagjöf HER til annarra hagsmunaaðila.

Við vinnslu skýrslunnar var talað við lykilstarfsmenn og stjórnendur og farið yfir ýmis gögn um verklag og starfsemina.

HELSTU ÁBENDINGAR



Leiðarljós HER er að stuðla að heilnæmu og öruggu umhverfi jafnt utandyra sem innan eins og lög, reglugerðir og heilbrigðissamþykktir kveða á um og HER á að framfylgja.

Úttektin leiddi ljós tækifæri fyrir HER til að bæta mengunarvarnareftirlit og upplýsingagjöf. Niu ábendingar eru gerðar til stjórnenda um atriði sem betur mættu fara. Meðal þess helsta sem bent er á er eftirfarandi:

- **Viðbragðsáætlun** – HER ætti að útbúa áætlun um viðbrögð við frávikum, hvað varðar móttöku og vöktun tilkynninga, sýnatöku og krísustjórnun, þar á meðal tilkynningar til hagsmunaaðila.
- **Upplýsingakerfi** – Innri endurskoðun telur mikilvægt að gera einfalda þarfagreiningu upplýsingakerfa með sérfræðingum, þar sem mat yrði lagt á þau verkfæri sem hægt er að nýta í tengslum við samantekt upplýsinga. Á sama hátt telur Innri endurskoðun nauðsynlegt að greina núverandi verkferla og meta þarfir á úrbótum í vinnulagi og söfnun og skráningu upplýsinga. Bæði á þetta við varðandi öryggi gagna og úrvinnslumöguleika.
- **Tilkynningaskylda** – Ekki er skýr regla til staðar um það hvenær HER ber að tilkynna almenningi um saurkóligerlamengun í sjó, en reglugerð sem tilgreinir slíkt hefur ekki verið sett þrátt fyrir tillögur sem HER og Umhverfisstofnun settu fram árið 2013. Á meðan ekki hafa verið settar ytri reglur ætti HER að vinna á grundvelli tillagna sem unnar voru í samráði við Umhverfisstofnun 2013.
- **Upplýsingagjöf** – Koma ætti á samstarfi við upplýsingadeild skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um ráðgjöf á því hvernig koma eigi upplýsingum á framfæri við borgarbúa út frá ákvæðum upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.
- **Kerfisbundið áhættumat** – Innri endurskoðun telur að sjálfstætt og skriflegt áhættumat myndi styrkja innra eftirlit HER.

VIÐBRÖGÐ STJÓRNENDA

Innri endurskoðun hefur farið yfir þær ábendingar sem gerðar eru í skýrslunni með stjórnendum Heilbrigðiseftirlitsins og hafa þeir sett fram sín viðbrögð við þeim. Það er mat Innri endurskoðunar að viðbrögð stjórnenda séu við hæfi í langflestum tilvikum. Varðandi ábendingu um áhættumat þá telur Innri endurskoðun að HER eigi að framkvæma sjálfstætt áhættumat en HER telur að það eigi að vera framkvæmt af Umhverfisstofnun.

Hallur Simonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar



*Heilbrigðiseftirlit
Reykjavíkur*

26. mars 2018

IÆ17080001

Bilun í skólpdælustöð við Faxaskjól



Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

SAMANTEKT

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í borginni, stuðlar að öflugri umhverfsvöktun og fræðslu til almennings í Reykjavík. Jafnframt fer Heilbrigðiseftirlitið með vöktun á loftgæðum, eftirlit með vatnsverndarsvæði borgarinnar, fráveitunni, sýnatökum í strandsjó, ám og vötnum ásamt eftirliti með lóðum og lendum.

Veitur ohf. sinna mikilvægri þjónustu í almannabágu og gæta þess að notendur hafi stöðugt aðgengi að hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Fráveitukerfi Veitna þjóna um helmingi landsmanna og hreinsistöðvar fyrirtækisins enn fleirum. Eftir hreinsun er frárennsli veitt út í sjóinn á Sundunum, um fimm kílómetra frá ströndinni.

Neikvæð umræða skapaðist um starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins (hér eftir HER) og Veitna ohf. (hér eftir Veitur) í kjölfar bilunar í skólpdælustöð Faxaskjólsumarið 2017. Fjallað var um bilunina á fundi borgarráðs 20.7.2017 og var farið fram á að fram færi stjórnsluúttekt vegna vinnulags, aðgerða og upplýsingagjafar í tengslum við bilunina. Innri endurskoðun hefur nú staðið fyrir innri endurskoðunarúttekt með það að markmiði að draga lærdóm af þeirri bilun er varð í dælustöðinni og viðbrögðum HER í kjölfarið og þannig bæta verklag til að minnka skólpmengun og tryggja að borgarbúum finnist ekki öryggi þeirra ógnað sökum mengunar. Um er að ræða staðfestingarverkefni sem felur í sér

hlutlæga athugun og mat á gögnum til að gefa óháð álit. Deloitte ehf. aðstoðaði Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar við úttektina.

Ljóst er að engin hættu skapaðist með opnun neyðarlúgu í skólpdælustöðinni en samt sem áður olli skólpmengunin almenningi óþægindum og ringulreið. Í skýrslunni eru gerðar ábendingar um atriði sem betur mættu fara. Meðal þeirra eru ábendingar sem brýnt er að bregðast við. Meðal þess helsta sem bent er á er eftirfarandi:

- HER ætti að útbúa áætlun um viðbrögð við frávikum, hvað varðar móttöku og vöktun tilkynninga, sýnatöku og krísustjórnun, þar á meðal tilkynningar til hagsmunaaðila.
- Innri endurskoðun telur mikilvægt að gera einfalda þarfagreiningu upplýsingakerfa með sérfræðingum, þar sem mat yrði lagt á þau verkfæri sem hægt er að nýta í tengslum við samantekt upplýsinga. Á sama hátt telur Innri endurskoðun nauðsynlegt að greina núverandi verkferla og meta þarfir á úrbótum í vinnulagi og söfnun og skráningu upplýsinga. Bæði á þetta við varðandi öryggi gagna og úrvinnslumöguleika.
- Ekki er skýr regla til staðar um það hvenær HER beri að tilkynna almenningi um saurkóligerlamengun í sjó, en reglugerð sem tilgreinir slíkt hefur ekki verið sett þrátt fyrir tillögur sem HER og Umhverfisstofnun settu fram árið 2013. Á meðan ekki hafa

verið settar ytri reglur ætti HER að vinna á grundvelli tillagna sem unnar voru í samráði við Umhverfisstofnun 2013.

- Koma ætti á samstarfi við upplýsingadeild skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um ráðgjöf á því hvernig koma eigi upplýsingum á framfæri við borgarbúa út frá ákvæðum upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.
- Innri endurskoðun telur að sjálfstætt og skriflegt áhættumat myndi styrkja innra eftirlit HER.

Innri endurskoðun hefur farið yfir þær ábendingar sem gerðar eru í skýrslunni með stjórnendum Heilbrigðiseftirlitsins og hafa þeir sett fram sín viðbrögð við þeim. Það er mat Innri endurskoðunar að viðbrögð stjórnenda séu við hæfi í langflestum tilvikum. Varðandi

ábendingu um áhættumat þá telur Innri endurskoðun að HER eigi að framkvæma sjálfstætt áhættumat en HER telur að það eigi að vera framkvæmt af Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,



Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

ÁHÆTTUFLOKKUN ÁBENDINGA INNRI ENDURSKOÐUNAR

Ábendingum Innri endurskoðunar er skipt upp í eftirfarandi fjögur stig eftir alvarleika þeirra:



Rauð ábending er vegna alvarlegra veikleika í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- Mikið fjárhagslegt tjón.
- Brot á lögum eða ekki fylgni við aðrar kröfur ytri aðila.
- Vöntun eða brot á siðareglum og/eða alvarlegt brot á innri reglum.
- Mikil orðsporsáhætta.
- Mikil sviksemisáhætta.

Viðbrögð þurfa að vera tafarlaus.



Appelsínugul ábending getur verið vegna verulegra veikleika í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- Nokkurt fjárhagslegt tjón.
- Ekki fylgni við kröfur ytri aðila.
- Vöntun á innri reglum eða veruleg frávik í fylgni við þær.
- Möguleg orðsporsáhætta.
- Möguleg sviksemisáhætta.

Úrbætur eigi sér stað innan sex mánaða.



Gul ábending er vegna veikleika í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- Lítið fjárhagslegt tjón.
- Fylgni við kröfur eða tilmæli ytri aðila ekki fullnægjandi.
- Uppbygging innri reglna eða fylgni við þær ekki fullnægjandi.
- Litlar líkur á orðsporsáhættu.
- Litlar líkur á sviksemisáhættu.

Úrbætur eigi sér stað innan árs.



Græn ábending þýðir að innra eftirlit er viðunandi eða að umbótataækifæri geti verið til staðar.

Stjórnandi hefur möguleika á því að bæta innra eftirlit enn frekar.

Jafnframt getur græn ábending þýtt að brugðist hafi verið við ábendingu á vinnslutíma úttektar og að Innri endurskoðun hafi fengið staðfestingu á því að málinu sé lokið.

UMFANG OG VINNULAG VIÐ ÚTTEKT

Umfang úttektar takmarkast við A-hluta Reykjavíkurborgar; heilbrigðisnefnd og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Hlutverk heilbrigðisnefndar er m.a. að vinna að því að koma í veg fyrir og draga úr óhreinun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar fráveituvatns í umdæminu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi¹. Leiðarljós HER er að stuðla að heilnæmu og öruggu umhverfi jafnt utandyra sem innan eins og lög, reglugerðir og heilbrigðissamþykktir kveða á um og HER á að framfylgja.

Til skoðunar er eftirlit HER með mengun frá skólpadælustöð Faxaskjólís í kjölfar bilunar sumarið 2017, upplýsingagjöf innan borgarinnar og upplýsingagjöf HER til annarra hagsmunaaðila. Umfang úttektar felst í skoðun á eftirfarandi:

1. Mengunarvarnareftirlit

Til skoðunar er hlíting HER við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, ásamt könnun á því að hve miklu leyti HER fylgdi skráðu og samþykktu innra verklagi með eftirliti sínu með mengun frá skólpadælustöð Faxaskjólís frá því að tilkynning barst HER frá Veitum um viðgerð á neyðarlúgu þar til viðgerð var að fullu lokið.

Í þessu sambandi er greint frá því hvort Innri endurskoðun telji æskilegt að bæta verklag og eftirlit.

2. Upplýsingagjöf og krísustjórnun

Til skoðunar er hlíting HER við lög um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006 og hvort Innri endurskoðun meti svo að upplýsingagjöf hafi verið í samræmi við upplýsingastefnu borgarinnar.

Í þessu sambandi er greint frá því hvort Innri endurskoðun telji æskilegt að bæta verklag og eftirlit.

Ofangreind yfirferð samkvæmt lið 1 og 2 takmarkast við HER en Innri endurskoðun mun benda á ef hún telur að skoða mætti betur þátt Veitna eða yfirstjórnar borgarinnar.


Takmarkanir:



Vakin er athygli á að verkefnið er háð ákveðnum tímatakmörkunum og ekki hefur verið farið ítarlega yfir alla þá þætti sem kunna að skipta máli varðandi efni skýrslu þessarar. Ekki er um að ræða lögfræðilegt álit á ofangreindum liðum. Ekki er um að ræða stjórnsýsluúttekt heldur innri endurskoðunarúttekt.


¹ Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, gr. 5.2

1. MENGUNARVARNAEFTIRLIT

Til skoðunar er hlítung HER við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, ásamt könnun á því að hve miklu leyti HER fylgdi skráðu og samþykktu innra verklagi með eftirliti sínu með mengun frá skólþælustöð Faxaskjól. Í töflunni hér að neðan eru niðurstöður úttektar. Í fremsta dálki er tilgreind sú eftirlitsaðgerð sem er til skoðunar og því næst er umfjöllun um niðurstöðu úttektar. Í þriðja dálki er að finna umfjöllun um áhrif eða möguleg áhrif þess að eftirlitsaðgerðin sé ekki til staðar. Í fjórða dálki er að finna ábendingar til HER, ef við á. Fimmti dálkurinn inniheldur viðbrögð stjórnenda við ábendingu Innri endurskoðunar og í síðasta dálknum er áhættustig ábendingar.

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
1.1. Hlítung HER við 54. gr. 4 mgr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) eins og við á um HER. Að gerðar séu reglulegar áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri skv. viðaukum I-V, þ.m.t. um tíðni vettvangs-heimsókna fyrir mismunandi starfsemi.	<p>Í viðtölum við HER kom fram að samkvæmt lögum nr. 7/1998 er unnin starfs-/eftirlits- og fjárhagsáætlun árlega af HER sem er svo samþykkt í heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar. Af lagagreininni má sjá að tíminn sem má líða milli vettvangsheimsókna má vera eitt ár í starfsemi sem veldur mestri áhættu og þrjú ár í starfsemi sem veldur minnstri áhættu.</p> <p>Innri endurskoðun skoðaði áætlun vegna ársins 2017 er samþykkt var 2016. Samkvæmt fundargerð heilbrigðisnefndar þann 22.9.2016 var samþykkt eftirlit HER með tveimur skólþreinsistöðvum í rekstri í tvö skipti á árinu 2017 (alls fjórar ferðir, tvær í hvora stöð).</p> <p>Eftirlit HER með strandlengjunni er mánaðarlegt á tímabilinu apríl-október, nema á skilgreindum baðstöðum eins og í Nauthólsvík þar sem eftirlitið er mánaðarlegt árið um kring.</p> <p><i>Niðurstaða:</i> Án athugasemda. Eftirlit HER virðist í samræmi við kröfur lagagreinar 54, 4. mgr., hvað varðar áætlanagerð. En samkvæmt lögunum má tíminn sem má líða milli vettvangsheimsókna vera eitt ár í starfsemi sem veldur mestri áhættu og þrjú ár í starfsemi sem veldur minnstri áhættu. Á móti kemur að eftirlit HER með strandlengjunni er mun oftar.</p>	Skortur á áætlunum gæti haft í för með sér að eftirlit með atvinnustarfsemi sé óskilvirkt, ómarkvisst eða ekki nægilegt. Það getur leitt til þess að frávik frá reglugerðum uppgötvist ekki.			

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
1.2. Hlíting HER við 54. gr. 4. mgr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) eins og við á um HER. Að byggt sé á kerfisbundnu mati á umhverfis-áhættu viðkomandi starfsemi.	<p>Tíðni eftirlits er tilgreind í reglugerð 786/1999. Áhættumat er ekki gert sérstaklega hjá HER að öðru leyti en því að byggt er á faglegu mati og söfnun upplýsinga til fjölda ára um þörf á eftirliti og vöktun, um hvar fólk geti verið útsett fyrir mögulegri mengun, m.a. við útivistarsvæði og haft í huga hvaða starfsemi er í grennd við ströndina sem vöktuð er. Áhættumatið er því ekki skriflegt, samkvæmt upplýsingum frá HER. Heimild er fyrir því í reglugerð 786/1999 um mengunareftirlit að minnka eða auka eftirlitstíðni eftir því sem aðstæður krefjast.</p> <p><i>Niðurstaða:</i> HER framkvæmir ekki sjálfstætt áhættumat heldur byggir á kröfum reglugerðar 786/1999 um tíðni eftirlits. Að mati Innri endurskoðunar er ekki fullnægjandi fylgni við 4. mgr. 54. gr. laga nr. 7 frá árinu 1998.</p>	Ef HER gerir ekki sjálfstætt kerfisbundið áhættumat er hættu á því að nýjar áhættur sem ekki var tekið tillit til í reglugerðum verði ekki uppgötvaðar og þannig verði ekki hægt að bregðast tímanlega við þeim.	Innri endurskoðun telur að sjálfstætt og skriflegt áhættumat myndi styrkja innra eftirlit HER.	Tíðni eftirlits er bundin í reglugerð og eru fyrirtæki undir eftirliti HER flokkuð skv. því. Árlega er endurskoðað eftirlit í hverjum fyrirtækjaflokki og metin eftirlitsþörf. Umhverfisgæðahópur UST og HES er að vinna að samræmdu áhættumati fyrir mengandi fyrirtæki á landsvísu. HER er aðili að þeirri vinnu og mun meta eftirlitsskyld fyrirtæki í Reykjavík samkvæmt því þegar það verður tilbúið.	
1.3. Skráðir og samþykktir verkferlar um eftirlit með atvinnurekstri og viðbrögð við frávikum.	<p>Hjá HER eru til verkferlar um framkvæmd reglubundins eftirlits og vöktunar strandlengjunnar; undirbúningur, sýnataka, skráning og úrvinnsla. Nokkrir aðrir verkferlar eru til. Gerð eru reglulega vinnuskjöl um framgang eftirlitsáætlunar og verkefna sem farið er yfir reglubundið yfir árið á deildarfundum. Áætlanir um tíðni geta breyst eftir frammistöðu fyrirtækja hverju sinni.</p> <p>Haldið er utan um allt eftirlit og verkefni HER í skjalakerfi HER (GoPro) sem um gilda verkferlar varðandi hvernig á að skrá eftirlit, kvartanir o.s.frv. Stuðst er við reglugerðir og lög sem gilda um starfsemi HER frekar en að gerðar séu sérstakar skriflegar reglur og frekari verkferlar. Í starfsleyfisskilyrðum þeirra fyrirtækja sem heyra undir eftirlit HER er tilgreint sérstaklega um einstakar kröfur til þeirra fyrirtækja sem HER hefur síðan eftirlit með.</p> <p><i>Niðurstaða:</i> Hjá HER starfa reynslumiklir og vel menntaðir sérfræðingar og er mikið treyst á reynslu og sérhæfingu þeirra. Verkferlar HER eru hins vegar einfaldir og hægt væri að gera þá ítarlegri.</p>	Hætta er á að gott verklag geti tapast verði mannbreytingar hjá HER, þar sem verkferlar eru einfaldir og mikið treyst á reynslu og sérhæfingu starfsmanna HER.	Ítarlegri verkferlar með tilvísunum í þær reglugerðir sem miðað er við geta tryggt verklag og komið í veg fyrir mistök og að sérþekking tapist.	Allir verkferlar HER eru háðir endurskoðun eftir þörfum og má nefna að margir þeirra eru í endurskoðun þessa dagana. Hins vegar eru lögboðin verkefni HER þess eðlis vegna gífurlegs fjölda að aldrei mun verða hægt að tryggja að allt verklag sé skjalfest nákvæmlega. Þess má líka geta að ítarlegir gátlistar eru hluti af þessu kerfi og styðja við verkferla. Í því eftirlitsatriði er hér um ræðir er verkferill fullnægjandi auk gátlista. HER hefur að skipa hæfu starfsfólki sbr. kröfur í reglugerð um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa.	

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
1.4. Hlítning HER við 54. gr. 5. mgr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) eins og við á um HER. Að tekin sé saman skýrsla með lýsingu á því sem fram kom og skipti máli, eftir hverja vettvangs-heimsókn.	Innri endurskoðun skoðaði sýnishorn af skýrslum HER um eftirlitsstarfsemina og eru þær á fyrirfram ákveðnu formi, lýsa því sem fram kom og skiptir máli. Innri endurskoðun skoðaði feril um gerð eftirlitsskýrslna í GoPro. <i>Niðurstaða:</i> Án athugasemda.	Að ekki sé hlítningur við ákvæði laga nr. 7/1998 og eftirlitsaðilar fái ekki skýrar niðurstöður úr eftirliti.			

1.5. Umhverfismörk saurkóligerla í reglugerðum sem HER starfar eftir um leyfð mengunargildi í sjó á útivistarsvæðum eða baðstöðum.

Umhverfismörk eru leyfilegt hámarksgildi mengunar í tilteknum viðtaka byggð á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið í heild. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk). (Reglugerð nr. 798/1999)

Við yfirferð Innri endurskoðunar á eftirlitsstarfsemi HER var eftir því tekið að þær reglugerðir sem um starfsemiina gilda eru ekki samhljóða hvað varðar leyfð mæligildi saurmengunar í sjó.

Í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ segir um umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása, að fjöldi hitaþolinna kólibaktería, saurkóligerla eða saurkokka skuli utan þynningarsvæðis í a.m.k. 90% tilfella vera undir 1.000 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni. Þar sem útivistarsvæði eru við fjörur ellegar matvælaíðnaður í grennd skal fjöldi hitaþolinna kólibaktería eða saurkokka í a.m.k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis miðað við lágmark 10 sýni.

Í viðauka I í reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni segir að um baðstaði í 1. flokki gildi að minnst 9 af hverjum 10 sýnum vegna innra eftirlits skuli innihalda minna en 250 saurkóligerla pr. 100 ml við mælingar á sjó. Endurtaka þarf sýni ef hlutfallið er hærra en 250 saurkóligerlar í 100 ml af sjó. Baðstaðir í 1. flokki eru baðstaðir þar sem reglubundinn rekstur fer fram og aðsókn baðgesta er reglubundin yfir allt árið. Þeir baðstaðir eru starfsleyfis skyldir.

Í fylgiskjali við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru tilgreind umhverfismörk fyrir saurkóligerlamengun í yfirborðsvatni vegna útivistar:


		Fjöldi saurkóligerla per 100 ml
I	Mjög lítil eða engin saurmengun	<14 (Saurgerlar mega í 10% tilvika fara upp í 43/100 ml)
II	Lítill saurmengun	14-100
III	Nokkur saurmengun	100-200
IV	Mikil saurmengun	200-1000
V	Ófullnægjandi ástand vatns / þynningarsvæði	>1000

Niðurstaða: Þrjár reglugerðir tilgreina umhverfismörk með saurkólímengun í sjó. Reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni leyfir hærri gildi saurkólímengunar í 100 ml af sjó (250 í 100 ml) heldur en reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ leyfir fyrir útivistarsvæði (100 í 100 ml). Reglugerð um varnir gegn mengun vatns tilgreinir enn ein mörkin. HER hefur eftirlit með öllum þremur reglugerðunum.

Vísað er skoðunaratriðis 1.3 og mikilvægis þess að hafa skýra verkferla.

Þegar reglugerðir sem HER ber að fylgja innihalda mismunandi mörk um leyfilegt magn saurkóligerla í mælingu, sem eru grundvöllur endurtekinnna mælinga, er hætta á því að HER fylgi ekki ítrustu kröfum (lægstu mörkum) sem heimil eru hverju sinni. Einnig er hætta á því að vinnubrögð HER við eftirlitsstarfsemiina séu ekki samræmd þegar um misvísandi reglur er að ræða.

Í samantektinni sést að ekki er um mikla mengun að ræða þegar hún er sett í samhengi, ekki heldur þegar hún mældist hvað mest. Miðað við fyrirbyggjandi tillögur UST og HER um tilkynningamörk til UAR er hæsta gildið m.a. á mörkum þess að gefa ætti út tilkynningu. Hins vegar er áfram unnið að því af hálfu HER að fá inn tilkynningamörk í regluverkið auk þess að lagfæra misræmi á milli viðmiðunargilda í regluverki.



Þegar skoðaðar eru mælingar sem gerðar voru hjá HER vegna skólþdælustöðvarinnar í Faxaskjólí á tímabilinu 14.6. til 24.7.2017 beindi Innri endurskoðun athygli að mælingum við skólþdælustöðina Faxaskjólí og svæðinu við Ægisíðu (sem var tilefni umfjöllunar). Samkvæmt upplýsingum frá HER er Ægisíðan skilgreind sem strandsvæði og er afmarkaður hluti hennar útivistarsvæði, þ.e. stígurinn, nánasta umhverfi hans og menningarminjar sem tengjast útræði. Viðmiðið í reglugerðinni nr.798/1999 á útivistarsvæðum er 100 á 100 ml en 1000 á 100 ml á svæði sem eru ekki útivistarsvæði.

Við skoðun á niðurstöðum mælinga sást að þann 14.6.2017 mældust gildi saurkólígerla allt of há við Ægisíðu (3000 á 100 ml) og því gerð endurtekin mæling þann 19.6.2017 þar sem gildi saurkólígerla mældist rúmlega tvöfalt hærra en viðmið samkvæmt reglugerð, eða 220 á 100 ml. Ekki var aftur gerð mæling fyrr en 6.7.2017 þegar fjölmiðlaumfjöllun hófst og héldu þær áfram reglubundið til 24.7.2017, þar sem mælingarstöðvum var fjölgað og mælt á 10 stöðum í stað 2-4 áður. Skýring HER á því að mæling var ekki endurtekin eftir 19.6.2017 er þessi: *Þegar niðurstöður úr ræktun sýnis bárust til HER þann 22.6.2017 hafði HER ekki upplýsingar um annað en að bilun í Faxaskjólí væri yfirstaðin. Einungis var um lítillega hækkun gildi að ræða m.v. viðmið og lækkuð gildi frá fyrri sýnatöku 14.6.2017. Því var það faglegt mat HER að endurtaka ekki sýnatöku.*

Miðvikudaginn 21. júní tilkynntu Veitur HER að stöðin færi í rekstur en að búast mætti við því að opna þyrfti neyðarlúguna næstu daga og að það yrði tilkynnt. Næsta viðgerðalota hófst mánudaginn 26. júní og fékk HER upplýsingar um að opna þyrfti aftur neyðarlúgu og þremur dögum síðar tilkynntu Veitur HER að viðgerð tæki nokkra daga í viðbót. Viðgerð lauk síðan 5. júlí. Engin sýnataka fór fram á þessum tíma. En HER hóf aftur mælingar 6.7.2017 vegna fjölmiðlaumfjöllunar og hélt áfram sleitulaust til 24.7.2017

Niðurstæða: Skortur á upplýsingum um hvort viðgerð væri lokið eða væri að ljúka í Faxaskjólí, sem og að HER varð ekki vart við tilkynningar Veitna, er möguleg skýring á af hverju sýnataka var ekki endurtekin fljótlega eftir 19.6.2017. Það er mat Innri endurskoðunar að skynsamlegt hefði verið hjá HER að hefja sýnatöku aftur eftir að þeim tilkynnt um að viðgerð væri ekki lokið og mengun ekki undir viðmiðunarmörkum. Umfjöllun um fylgni HER við sett verklag er til umfjöllunar síðar í skýrslunni (skoðunaratriði 1.7), sem og umfjöllun um samskipti Veitna og HER (skoðunaratriði 2.2).

Innri endurskoðun telur að ekki hafi tekist að koma í veg fyrir óþægindi þeirra sem áttu leið um ströndina nálægt skólþhreinsistöðinni, líkt og reglugerðin kveður á um.

Þeir sem eiga leið um Ægisíðu geta orðið fyrir óþægindum, vegna sýnilegs skólps frá skólþhreinsistöð í Faxaskjólí.

HER ætti að útbúa áætlun um viðbrögð við frávikum, hvað varðar móttöku og vöktun tilkynninga, sýnatöku og krísustjórnun, þar á meðal tilkynningar til hagsmunaaðila.

Ef breyta á verklagi í samræmi við það sem lagt er til er ljóst að styrkja þarf HER hvað varðar stoðþjónustu, mannskap og fjármagn.


Hvað varðar áætlanagerð er bent á að frávik geta verið margvísleg og erfitt að gera tæmandi áætlunir sem taka á öllu því sem upp getur komið.

Hins vegar er sem áður minnt á að rekstraraðilar eru ábyrgir fyrir að uppfylla og fara að því regluverki sem um starfsemina gildir.

Verkferlar eru skýrir hvað varðar að taka á móti erindum og svörun þeirra til aðila mála/hagsmunaaðila.

HER er ekki sammála því að almenningur hafi orðið fyrir óþægindum. Engar kvartanir bárust HER á þessu tímabili en fjöldi athugasemda og fyrirspurnir bárust vegna eðlis fréttaflutnings af frávikum sem varð í skólþdælustöð í Faxaskjólí 2017.





1.7. Könnun á því að hve miklu leyti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgdi skráðu og samþykktu innra verklagi með eftirliti sínu með mengun frá skólþælustöð Faxaskjól frá því að tilkynning frá Veitum barst eftirlitinu um viðgerð á neyðarlúgu þar til viðgerð var að fullu lokið (hér eftir kallað „atvikið“ eða „umrætt atvik“).

Verkferlar um framkvæmd reglubundins eftirlits voru uppfærðir í júlí 2017 eftir umrætt atvik. Fram að því gildi verkferill „Gátlisti vegna vöktunar strandlengjunnar“ frá 30.10.2015, sem inniheldur upplýsingar um verklag við sýnatöku, undirbúning hennar og úrvinnslu. Gátlistinn var uppfærður eftir atvikið og heitir nú „Vöktun strandlengjunnar, undirbúningur, sýnataka, skráning og úrvinnsla“, dags. 27.7.2017.

Farið var yfir eldri verkferilinn sem gildi þegar umrætt atvik átti sér stað. Fram kemur „Ef gildi eru óeðlilega há er sýnataka endurtekin“. Ekki er skilgreint hvað er „óeðlilega hátt“. Ekki er í eldri ferlinum kveðið á um viðbrögð s.s. tilkynningarskyldu. Í nýja verkferlinum sem gildir frá 27.7.2017 eru mun ítarlegri leiðbeiningar og meðal annars komin regla um tilkynningar vegna mengunar eða hugsanlegrar mengunar. Ekki er skilgreint hvað telst vera „óeðlilega hátt“. Þar segir eftirfarandi:

Niðurstöður mælinga leiða í ljós að sýni séu yfir viðmiðunarmörkum. Meta þarf hverju sinni hvort gefa eigi út tilkynningar og það ekki gert nema að lokinni endurtekinni sýnatöku nema að sérstakar aðstæður gefi tilefni til.

Ekki eru til samræmdar leiðbeiningar á landsvísi hvenær eða við hvaða mörk á að gefa út tilkynningar. Faglegt mat heilbrigðisfulltrúa ræður hverju sinni og taka skal tillit til þátta s.s. hvar mengunin er m.t.t. útivistar, magns gerla og tegundar gerla m.t.t. sjúkdómshættu o.fl.

Ef ákvörðunin er að gefa út tilkynningu beinist hún til almennings og skal setja hana á heimasíðu Reykjavíkurborgar og senda öllum helstu fjölmiðlum.

Ef mat er að um mengunarslys sé að ræða skal upplýsa formann heilbrigðisnefndar um málið og borgaryfirvöld eftir eðli máls.

Nýr og uppfærður verkferill er mun betri og ítarlegri en sá gamli frá 2015. Þeir verkferlar sem Innri endurskoðun fékk afrit af eru flestir dagsettir 2016 og 2017 og er um að ræða alls 5 ferla sem eru í gildi og tengjast eftirliti með skólþælustöðvum og Innri endurskoðun fékk afhenta.

Niðurstaða: Þar sem ekki er skilgreint í gátlista hvað séu „óeðlilega há“ gildi getur Innri endurskoðun ekki staðfest að gátlistanum hafi verið fylgt eða ekki. Skráð verklag hefur verið uppfært og skýrara er í hvaða tilfellum eigi að endurtaka mælingar. Í eftirlitsstarfsemi HER virðist mikið treyst á vel menntaða og reynda starfsmenn og ekki mikið um skriflega verkferla. Verkferlar þar sem rekstraráhætta er mikil þurfa að vera skriflegir, sbr. fyrri umfjöllun í skýrslunni.



Í verkferli um framkvæmd reglubundins eftirlits ætti að vera tilvísun í þær reglugerðir sem stuðst er við, svo ekki fari á milli mála hver viðmiðunarmörkin eru, sbr. ábendingu 1.3.


Í núverandi verkferli við framkvæmd reglubundins eftirlits er talað um *viðmiðunarmörk* en ekki tilvísun í reglugerðir sem tilgreina viðmiðunarmörkin. Hætta er á því að starfsmenn HER skilgreini þetta með mismunandi hætti.


Ekki eru til tilkynningamörk varðandi gerlamengun (né marga aðra umhverfisþætti undir eftirliti HER) um tilkynningar eða ekki. Á þetta hefur ítrekað verið bent auk misvísandi regluverks m.t.t. almannahættu (baðvatn vs. strandsjór).

2. UPPLÝSINGAGJÖF OG KRÍSUSTJÓRNUN

Til skoðunar er hlítning HER við lög um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006 og hvort Innri endurskoðun meti það svo að upplýsingagjöf hafi verið í samræmi við upplýsingastefnu borgarinnar. Í töflunni hér að neðan eru niðurstöður úttektar. Í fremsta dálki er tilgreind sú eftirlitsaðgerð sem er til skoðunar og því næst er umfjöllun um niðurstöðu úttektar. Í þriðja dálki er að finna umfjöllun um áhrif eða möguleg áhrif þess að eftirlitsaðgerðin sé ekki til staðar. Í fjórða dálki er að finna ábendingar til HER, ef við á. Fimmti dálkurinn inniheldur viðbrögð stjórnenda við ábendingu Innri endurskoðunar og í síðasta dálknum er áhættustig ábendingar.

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
<p>2.1. Hlítning HER við lög um upplýsingarétt um umhverfismál (nr.23/2006), 10. gr. sem fjallar um að stjórnvöldum sé ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að áætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.</p>	<p>Í viðtölum Innri endurskoðunar við HER kom fram að HER sendi tillögur að viðmiðum að beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytis þann 26.2.2013, til að afmarka hvað teljist skaðleg eða hættuleg frávik þar sem stjórnvöldum er skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, sbr. 10. gr. laga nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál. Tillaga HER var að gerð yrðu viðmið m.a. um skólpmengun. Í kjölfarið sendi Umhverfisstofnun þann 6.3.2013 bréf til sama ráðuneytis þar sem gerð er tillaga að því hvenær frumkvæðisskylda stjórnvalds (til dæmis HER) virkjast til að tilkynna um m.a. skólpmengun og var lagt til að varðandi losun í sjó myndi frumkvæðisskyldan virkjast ef þéttleiki örvera (saurkólígerlar/kokkar) við 37% í 100 ml er hærri en 2000 í a.m.k. 2 sýnum. Samkvæmt upplýsingum frá HER hefur ekki verið gerð reglugerð byggð á þessum tillögum frá Umhverfisstofnun og HER. Hefði reglugerðin verið til staðar þá hefði að mati HER verið mun auðveldara að takast á við fjölmiðlaumfjöllun vegna atviksins í sumar þar sem þá hefði verið hægt að vísa til þess að mengunin mældist lægri en viðmiðið sem Umhverfisstofnun leggur í öllum mælingum, nema þeirri fyrstu þann 14. júní.</p> <p>Samkvæmt upplýsingum frá HER hefur ekki verið sett reglugerð um upplýsingagjöf um umhverfismál til almennings og afmörkun á hvað teljist skaðleg eða hættuleg frávik mengandi efna.</p> <p><i>Niðurstaða:</i> Ekki er skýr regla til staðar um það hvenær HER ber að tilkynna almenningi um saurkólígerlamengun í sjó, en reglugerð sem tilgreinir slíkt hefur ekki verið sett þrátt fyrir tillögur sem HER og Umhverfisstofnun settu fram árið 2013.</p>	<p>Hætta er á því að ekki séu samræmd vinnubrögð um hvenær tilkynna skuli um aukna saurkólígerlamengun ef slíkt er ekki tilgreint í reglugerð eða í innri reglum og ferlum HER.</p>	<p>Á meðan ekki hafa verið settar ytri reglur ætti HER að vinna á grundvelli tillagna sem unnar voru í samráði við Umhverfisstofnun 2013.</p> <p>HER ætti að ítreka tillögu sína um setningu reglugerðar um viðmið er virki frumkvæðisskylda HER. Reglugerð sem tilgreinir þau mörk þar sem HER ber að tilkynna um aukna saurkólígerlamengun myndi að mati Innri endurskoðunar styrkja og samræma viðmið HER og annarra heilbrigðiseftirlita um hvenær frumkvæðisskylda þeirra virkjast til tilkynninga.</p>	<p>Í reglugerðum eru ekki tilkynningarmörk en sett verða í verkferilinn viðmiðunarmörk. Hins vegar er ekki hægt að nota þau til að gera kröfur þar sem þau hafa ekki stoð í reglugerð.</p> <p>Á fundi með umhverfis- og auðlindaráðuneyti nýverið minnti HER á að nauðsynlegt sé að hafa mörk fyrir örverur í reglugerðum. Enn fremur að setja þurfi tilkynningamörk vegna örverumengunar auk þess sem málið hefur verið tekið upp á samráðsfundum HER og UST.</p>	 

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
<p>2.3. Hlíting HER við lög um upplýsingarétt um umhverfismál (nr.23/2006), m.a. 5. gr. sem fjallar um að stjórnvöld veiti almenningi upplýsingar um umhverfismál og 8. gr. sem fjallar um að almenningur eigi rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið – Upplýsingagjöf til almennings</p>	<p>Innri endurskoðun fór yfir umrætt atvik í sumar með það í huga hvort HER hafi veitt almenningi aðgang að fyrirbyggjandi upplýsingum um umhverfismál eins og fram kemur í lögnum. Eins og áður hefur komið fram er ekki skýrt í löggjöf hvenær stjórnvöld eigi að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf.</p> <p>Á heimasíðu HER eru aðgengilegar upplýsingar um niðurstöður sýnataka. Það var mat HER að ekki væri þörf á að frekari miðlun upplýsinga til almennings um mengunina vegna bilunar í skólþdælustöð þar sem ekki væri um hættulega mengun að ræða.</p> <p><i>Niðurstæða:</i> Mælingar sem koma fram í kafla um eftirlitsstarfsemi hér að framan gáfu ekki tilefni til þess að HER mæti sem svo að um hættulega mengun væri að ræða, sé tekið mið af þeim reglugerðum sem til staðar eru.</p>	<p>Almenningur getur orðið fyrir óþægindum sem hann ella hefði getað varast með fyrirbyggjandi aðgerðum.</p>	<p>Koma ætti á samstarfi við upplýsingadeild skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um ráðgjöf á því hvernig koma eigi upplýsingum á framfæri við borgarbúa út frá ákvæðum upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.</p>	<p>HER þarf að hafa tryggt aðgengi að upplýsinga-fulltrúum sem þekkja starfsemina og sinna beiðnum um aðstoð við að koma réttum upplýsingum á framfæri þegar þess þarf auk þess að svara fyrir mál þegar það á við.</p> <p>Engin hætta var á ferðum og um litla mengun í stuttan tíma var að ræða.</p>	

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
<p>2.4. Hlíting Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við lög um upplýsingarétt um umhverfismál (nr.23/2006) 5. gr. og 8. gr. Aðgangur almennings að upplýsingum um umhverfismál og mengandi losun út í umhverfið</p>	<p>Í lýsingu á starfsemi HER á heimasíðu þeirra kemur fram að upplýsingakerfi HER bjóði ekki upp á samantekt um fjölda verkefna sem HER vinnur á ári hverju. Við yfirferð Innri endurskoðunar var tekið eftir því að niðurstöður mælinga eru handslegnar í Excel-skjöl og litlir sem engir möguleikar á samantekt upplýsinga eftir á. Ekki virðist vera nein tenging við gagnagrunna sem geta safnað saman upplýsingum og sem væri hægt að nýta í samantekt upplýsinga og skýrslugjöf.</p> <p><i>Niðurstaða:</i> Upplýsingakerfi HER virðast ekki styðja við kröfur um upplýsingagjöf.</p>	<p>Það að upplýsingakerfi HER virðist ekki styðja nægilega við kröfur um upplýsingagjöf getur valdið því að vísbendingar um uppsafnað hættuástand samkvæmt mælingum, eða önnur þróun á niðurstöðum mælinga, fari framhjá eftirlitsaðilum og öðrum. Þegar upplýsingar eru vistaðar í Excel er hætta á að upplýsingar yfirritist og glatist. Þó er möguleiki á að læsa reitum og skjölum en ekki var farið yfir að þessu sinni hvar gögn væru vistuð eða hvernig aðgangur er takmarkaður.</p>	<p>Innri endurskoðun telur mikilvægt að gera einfalda þarfagreiningu upplýsingakerfa með sérfræðingum, þar sem mat yrði lagt á þau verkfæri sem hægt er að nýta í tengslum við samantekt upplýsinga. Á sama hátt telur Innri endurskoðun nauðsynlegt að greina núverandi verkferla og meta þarfir á úrbótum í vinnulagi og söfnun og skráningu upplýsinga. Bæði á þetta við varðandi öryggi gagna og úrvinnslumöguleika.</p>	<p>Þarfagreiningar hafa verið unnar á undanförum árum af HER. Á vegum Reykjavíkurborgar og UTD er unnið að því að koma í gagnnið nýjum tölvukerfum. Það má hins vegar ekki dragast úr hófi þar sem þetta er farið að há starfsemi HER og núverandi kerfi samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru til skila á gögnum og upplýsingum í dag.</p> <p>Ekki er raunhæft að uppfæra verkferla vegna skráninga þar sem þeir eru aðlagðir að núverandi kerfum og breyttir verkferlar bæta ekki upp takmarkanir þeirra eins og staðan er. Verkferlarnir eru einmitt gerðir til að fá það sem hægt er að fá út úr núverandi kerfum.</p>	

Atriði til skoðunar	Niðurstöður skoðunar	Áhrif / möguleg áhrif	Ábendingar	Viðbrögð stjórnenda	Stig
<p>2.5. Hvort upplýsingagjöf hafi verið í samræmi við upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.</p>	<p>Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar er sett fram í 6 köflum og mörgum undirliðum. Meðal þeirra atriða sem gætu átt við HER eru þessi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar frá Reykjavíkurborg séu áreiðanlegar, traustar og aðgengilegar. • Veitt sé gott aðgengi að öllum upplýsingum og gögnum mála í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti. • Borgin nýti nýja tækni á markvissan hátt við að gera upplýsingar borgarinnar aðgengilegar. • Verkferlar, svo sem verklagsreglur, skulu vera skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og almenningi. • Tryggt sé greitt flæði upplýsinga og fræðslu innan Reykjavíkurborgar með það fyrir augum að efla þekkingu, skilning og yfirsýn á borginni og það sem þar er á döfinni hverju sinni. <p><i>Niðurstaða:</i> Í ofangreindri umfjöllun kemur fram að ekki náist öll þau markmið sem fram koma í upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar. Vísað er til ábendinga í lið 2.1-2.4 hér að framan.</p>				